

Hugmyndir fyrir vetrarútiveru

Grípið öll tækifæri sem gefast til þess að æfa hugrekki og jafnvægi. Hoppa milli steina, labba eftir línu, klifra í trjám.

Andlit hér getur verið gott að grípa með disk en ekki nauðsynlegt, finnið efnivið í umhverfinu sem nýtist við að búa til andlit á diskinn, leikið ykkur að gera ólík andlit sem sýna ólíkar tilfinningar.

Gaman getur verið að taka með eitt dót með í útiveruna, t.d. lítið dóta dýr. Hvar gæti þetta dýr átt heima? Hvar myndi því líða vel? Afhverju? Hér er tilvalið að búa til litla sögu eða leikrit með dýrið í náttúrunni.

Drekar og tröll leggstu niður á góðan stað þar sem þú sérð til himins, hvernig er skýjafarið? Hvað sérðu? Notaðu ímyndunaraflið og fylgstu með ólíkum skýjamyndum birtast þér.

Þegar **snjórinn** fellur er gaman að búa til listaverk með snjónum hvort sem það eru snjóskúlptúrar, teikningar með prikum eða jafnvel nota litað vatn.

Skoðið ólík **form** í náttúrunni, ef vel er að gáð má sjá ólík munstur og form birtast í náttúrunni. Hér getur verið gaman að vera með stækkunargler.

Krukka með í útiveruna, safnið í krukkuna náttúrulegum efnivið t.d. laufblöðum, skeljum, berki, stráum. Þegar heim er komið skreytið þið krukkuna með efniviðnum og úr verður falleg lukt sem lýsir upp skammdegið.

Hver er **hluturinn**? Safnið saman nokkrum hlutum úr náttúrunni. Einn er með bundið fyrir augun, velur sér hlut og byrjar á að lýsa hlutnum því næst giskar hann á hvaða hlutur þetta er.

Skreytingar fyrir hátíðarnar. Tilvalið er að nýta útiveruna til þess að safna efnivið í skreytingar fyrir jólin t.d. kransa eða útiskreytingar.